

Ed.

606. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 21 14. júní 1929, um hafnargerð á Skagaströnd.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. svo og núgildandi hafnarlög fyrir Skagaströnd. Með því að nokkur ákvæði laganna gefa tilefni til frekari breytinga, hefði vel getað komið til greina að bera fram breytingu á þessu frv. til samrýmingar á lög-
unum við önnur hafnarlög, en bæði er það, að þessar breytingar eru ekki aðkall-
andi, enda er þess vænt, að millipinganefnd í sjávarútvegsmálum skili hið fyrsta
frumvarpi til laga um almenna hafnarlöggjöf til samrýmis á hinum mörgu hafn-
arlögum, sem nú gilda.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 4. des. 1944.

Gisli Jónsson,
form., frsm.

Guðm. Í. Guðmundsson,
fundaskr.

Ingvar Pálmason.

Magnús Jónsson.

Steingr. Aðalsteinsson.